

Tillaga umhverfis- og skipulagsráðs:

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að hafið verði samtal við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um að þau vinni að samræmingu vetrarþjónustu á stofnstígum höfuðborgarsvæðisins með sérstakri áherslu á samræmingu þjónustu við stíga sem tengja sveitarfélögin saman.

Greinargerð:

Mikið gagn væri í samræmingu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á þjónustustigi stofnstígakerfisins til að tryggja sambærilega þjónustu hjá öllum aðilum og samfellda þjónustu á leiðum sem tengja saman sveitarfélögin. Í dag er lítil sem engin samvinna á milli sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins um vetrarþjónustu gatna- og stígakerfisins. Hvert og eitt sveitarfélag sinnir sínu samgöngukerfi á eigin forsendum með mismunandi þjónustu þrátt fyrir að markmiðið sé ávallt það sama – að sinna góðri vetrarþjónustu. Þetta þýðir að íbúar upplifa þjónustuna mismunandi, sem hún er í einhverjum tilfellum en þó alls ekki alltaf. Samræming myndi auka fyrirsjáanleika, gagnsæi og yfirsýn hjólréiðafólks og styðja við notkun hjólréiða sem fararmáta. Þetta myndi sömuleiðis skila betri, skilvirkari og heildstæðari þjónustu við stofnstígakerfið og án efa auka ánægju íbúa sveitarfélagana sem nota hjól sem samgöngumáta.

Um verkefnið yrði myndaður sé starfshópur með fulltrúum sveitarfélaganna til að fara yfir hvað þyrfti að gerast til að þetta markmið nái fram að ganga. Ávarpað yrði með hvaða hætti samræmingin gæti átt sér stað og hvaða skref yrði að stíga. Ljóst er að sveitarfélögin þyrftu að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þjónustustig en ekki síst að samræma útboðsmál. Þetta gæti vissulega haft áhrif á kostnað við verkefnið hjá sveitarfélögunum en á móti kæmi betri og skilvirkari þjónusta við íbúa sem styður við aukna notkun á hjólréiðum sem ferðamáta sveitarfélaga á milli, líka á veturna.

Á samráðsfundi Reykjavíkurborgar með fulltrúum hjólréiðafólks síðla árs 2024 vöktu fulltrúarnir máls á áskorunum í kringum ferðir hjólréiðafólks sveitarfélaga á milli á veturna. Óþægilegt er að geta ekki gengið út frá sama þjónustustigi á stígumunum alla leið og gott væri að geta valið leiðir út frá vitneskju um að þeim sé vel sinnt í vetrarþjónustu. Gott væri að samræma þjónustuna og bæta upplýsingagjöf.

Undanfarin ár hafa stjórnendur vetrarþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu átt í einhverjum samskiptum um hvort ekki væri æskilegt að samræma þjónustustig vetrarþjónustu milli sveitarfélaga. Hér er lagt til að formgera þessi samskipti og reyna að komast að niðurstöðu í málinu.